

Verkefnastjóri við RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri

RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri auglýsir laust til umsóknar fullt starf verkefnastjóra. Um er að ræða mjög fjölbreytt og krefjandi starf sem felur í sér umsýslu og utanumhald fjölbreyttra verkefna, gerð fjárhagsáætla og uppgjör verkefna. Þá felur starfið í sér skipulagningu funda og ráðstefna, samskipti við viðskiptavini, samstarfsfólk og nemendur ásamt daglegri umsýslu s.s. umsýslu með vefsíðu, símsvörun og aðstoð við sérfræðinga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun apríl 2019.

RHA er sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri sem aflar sér einkum tekna með rannsóknaverkefnum og ráðgjöf fyrir ýmsa aðila innanlands sem utan. Hlutverk RHA er að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann á Akureyri og styrkja tengsl hans við atvinnulífið. Einnig að vinna að þróun nýrra verkefna innan háskólans og koma þeim í réttan farveg. Starfsmenn RHA eru 8 talsins. Næsti yfirmaður er forstöðumaður RHA. Vinnustaður er á Borgum á háskólasvæðinu. Sjá nánar á vefslóð www.rha.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Jákvæðni og mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði ásamt nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt og í teymi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Við mat á umsóknum er tekið mið af hversu vel viðkomandi uppfyllir þarfir RHA.

Umsókn skal fylgja:

- Greinargóð skýrsla um náms- og starfsferil.
- Staðfest afrit af viðeigandi prófskírteinum.
- Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.
- Tilnefna skal a.m.k. tvo meðmælendur og er æskilegt að annar þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi eða fyrra starfi umsækjanda.

Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2019. Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið starfsumsokn@unak.is. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996. RHA áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður RHA, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, netfang: gudrunth@unak.is, sími 460 8901.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.